

Skólaráðsfundur

18. nóvember 2011

Fundarstaður: Varmárskóli, eldri deild.

Mætt/ir: Árni Jón (fulltr. kennara), Alda (fulltr. foreldra), Hulda (fulltrúi foreldra), Sigríður (fulltrúi nemenda), Gróa (fulltrúi annars starfsfólks), Edda (fulltrúi grenndarsamfélagsins), Guðlaug Ósk (fulltrúi kennara), Þórhildur (skólastýra) og Þóranna (skólastýra).

1. Fjárhagsáætlun

Hefur gengið ágætlega. Gerð krafa um 2-4% lækkun. Stjórnendur hafa lagt áherslu á í ferlinu að skólinn er á ystu mörkum og lítið svigrúm til staðar fyrir frekari lækkun. Rætt var um gangbrautarvörslu. Er eðlilegt að skólinn greiði hana en greiða fyrir t.d. umferðarljós? Er alltaf hægt að bæta fleiri verkefnum á skólann án þess að bæta við fjármagni?

2. Skólapúlsinn

Rætt um niðurstöður Skólapúlsins. Úrtakið í október kemur ekki vel út (http://varmarskoli.is/media/PDF/skolapulsinn_20112012_okt.pdf). Þórhildur ræddi um að gaman gæti verið að fá rýnihóp nemenda til að ræða þessar niðurstöður. Skólapúlsinn verður aftur tekinn upp þegar við hittumst og sjáum hvort áframhald sé á lélegri útkomu.

3. Önnur mál

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins

(http://varmarskoli.is/media/PDF/B_nr_1040_2011.pdf) Þórhildur reifaði helstu atriði reglugerðarinnar.

Jólaundirbúningur: Foreldrafélagið verður með jólabingó 3.des 2011. Rætt var um skreytingardaga en eldri deildin ætlar að skreyta þann 2. Desember á milli kl. 10 og 12 en starfsmenn skreyta þann 30.nóv eftir kennslu eins og hefð hefur verið. Jólaball eldri deildar verður haldið að kvöldi til þann 19.desember en jólaball yngri deildar verður á skólatíma þann 20.desember.

Árshátíð félagsmiðstöðvarinnar Bólsins var haldin 17.nóvember sl. Tókst vel og krakkarnir sér til mikils sóma.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð ritaði Þóranna Rósa Ólafsdóttir